

Nd.

761. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 49/1942, um breyting á lögum nr. 75 21. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „tvöfalt fasteignamat“ í 1. gr. laganna komi: fimmfalt fasteignamat.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt fyrir tilnefni fjármálaráðherra, og fylgdi því þessi greinargerð: „Með lögum nr. 49/1942 var 14. gr. stimpilgjaldslaganna breytt þannig, að þegar afsalsbréf og leigusamningar greina ekki hina stimpilskyldu upphæð, beri að áætla hana, en þó aldrei lægra en tvöfalt fasteignamat hinnar seldu eignar. Í framkvæmdinni hefur þetta orðið þannig, að algengast má telja, að kaupverð fasteigna sé nú orðið ekki talið í afsalsbréfum og stimpilgjald þá reiknað af tvöföldu fasteignamati, sem telja verður allt of lágt nú, þar sem fasteignir hafa hækkað mjög í verði hin síðari ár, svo að þess eru dæmi, að fasteignir hafa verið seldar á fimmföldu fasteignamati eða jafnvel meir. Til þess að koma í veg fyrir, að rikissjóður verði fyrir tjóni við, að kaupverð fasteigna er ekki gefið upp, er lagt til, að greindu ákvæði laganna verði breytt í það horf, að lágmark áætlunarverðsins sé fimmfalt fasteignamat.“